



Fundargerð

Fundur í Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd
mánudaginn 11.03.19 kl. 13:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Jóhanna Ösp Einarsdóttur. Einnig sátu fundinn Kristján Ingi Arnarsson byggingarfulltrúi og Tryggvi Harðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár: Hann lagði til að tekið yrði á dagskrá „Flatey, Sólheimar - lóðarblað og endurnýjun á lóðarleigusamningi“ undir önnur mál. Samþykkt samhljóða.

1. Flatey - bryggja og varnagarður:

Framkvæmdir við endurnýjun Flateyjarbryggju eru að fara í útboð í mars og stefnt að því ljúka viðgerð á henni fyrir sumarið.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við Minjavernd og Siglingasvið Vegagerðarinnar um sjóvarnir við Eyjólfsplan í Flatey. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framkvæmdaleyfi fyrir á endbótum á varnagarði fyrir sitt leyti.

Sveitarstjóra falið að ræða við hlutaðeigendur um endurgerð Eyjólfsbryggju og frárennslis lausnir.

2. Flatey - gjaldskrá hafnar: Sveitarstjóri ræddi um að gera gjaldskrá fyrir Flateyjarhöfn og endurnýja hafnarreglugerð sem er frá árinu 1947.

3. Reykhólahöfn - staða: Siglingadeild Vg. stefnir á að hefja framkvæmdir við endurnýjun Reykhólahafnar árið 1921.

4. Dýpkun Reykhólarhafnar: Stefnt að því dýpka innsiglingarrennu Reykhólahafnar sem fyrst og fjarlægja haft við hana utanverða. Siglingasvið annist rannsóknir en sveitarfélagið sækir síðan um fjármagn til dýpkunar.

5. Staða skipulagsmála: Farið yfir stöðu á einstökum breytingum á aðal- og deiliskipulagi.

6. Húsnæðismál: Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi með íbúðalánasjóði. Beðið er staðfestingar ríkisstjórnar varðandi framlög og reglur um úthlutanir vegna íbúðabygginga á landsbyggðinni. Nefndin telur brýnt að taka ákvörðun sem fyrst varðandi uppbyggingu húsnæðis á Reykhólum.

7. Önnur mál:

a) Flatey, Sólheimar - lóðarblað og endurnýjun á lóðarleigusamningi:

Samþykkt að gera nýjan lóðarleigusamning fyrir Sólheima í Flatey samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að lóðarblaði.

Fleira ekki gert og
fundi slitið kl. 14.00
